

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-
skrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2002 vera 570.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.